

S A M Þ Y K K T**fyrir Veiðifélag Blöndu og Svartár.****1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Blöndu og Svartár.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða og landa, sem land eiga að vatnakerfi Blöndu. Þær eru:

Í Svínavatnshreppi:

- | | |
|--------------------|-----------------------|
| 1. Auðkúluheiði, | 9. Syðri-Langamýri, |
| 2. Þröm, | 10. Ytri-Langamýri, |
| 3. Eldjárnsstaðir, | 11. Tungunes, |
| 4. Eiðsstaðir, | 12. Kárastaðir, |
| 5. Eiðsstaðir 2, | 13. Ásar, |
| 6. Guðlaugsstaðir, | 14. Hamar, |
| 7. Höllustaðir, | 15. Gunnfríðarstaðir, |
| 8. Höllustaðir 2, | 16. Holtastaðareitur. |

Í Torfalækjarhreppi:

- | | |
|-----------------|-----------------|
| 1. Smyrlaberg, | 4. Kaldakinn, |
| 2. Grænahlíð, | 5. Kaldakinn 1, |
| 3. Kagaðarhóll, | 6. Kaldakinn 2, |

Blönduóshreppur.**Í Engihlíðarhreppi:**

- | | |
|---------------------|------------------|
| 1. Enni, | 8. Fremstagil, |
| 2. Breiðavað, | 9. Geitaskarð, |
| 3. Þjörnólfsstaðir, | 10. Holtastaðir, |
| 4. Ystagil, | 11. Fagranes, |
| 5. Miðgil, | 12. Hvammur, |
| 6. Engihlíð, | 13. Skriðuland, |
| 7. Glaumbær, | 14. Móberg. |

Í Bólstaðarhlíðarhreppi:

- | | |
|----------------------|--------------------|
| 1. Strjúgsstaðir, | 15. Húnaver, |
| 2. Hólabær, | 16. Botnastaðir, |
| 3. Gunnsteinsstaðir, | 17. Gil, |
| 4. Auðólfsstaðir, | 18. Fjósar, |
| 5. Æsustaðir, | 19. Skeggjastaðir, |
| 6. Gautsdalur, | 20. Brattahlíð. |
| 7. Mörk, | 21. Brún, |
| 8. Hvammur, | 22. Eiríksstaðir, |
| 9. Mjóidalur, | 23. Torfastaðir, |
| 10. Þverárdalur, | 24. Barkarstaðir, |
| 11. Kálfárdalur, | 25. Bergsstaðir, |
| 12. Bólstaðarhlíð, | 26. Leifsstaðir, |
| 13. Bólstaðarhlíð 2, | 27. Leifsstaðir 2, |
| 14. Bólstaðarhlíð 3, | 28. Steinárgerði, |

- | | |
|-------------------|-------------------------|
| 29. Steiná, | 40. Mælifell, |
| 30. Steiná 2, | 41. Eyvindarstaðaheiði, |
| 31. Steiná 3, | 42. Rugludalur, |
| 32. Hóll, | 43. Bollastaðir, |
| 33. Skottastaðir, | 44. Eyvindarstaðir, |
| 34. Hvammur, | 45. Austurhlíð, |
| 35. Kúfustaðir, | 46. Brandsstaðir, |
| 36. Stafn, | 47. Blöndudalshólar, |
| 37. Fossar, | 48. Brúarhlíð, |
| 38. Fossar 2, | 49. Finnstunga, |
| 39. Fossar 3, | 50. Ártún. |

3. gr.

Verkefni félagsins eru:

- a. Að viðhalda og efla góða fiskgengd á félagssvæðinu, svo sem með aðflutningi seiða, klaki eða friðun ef henta þykir og eyðingu veiðivargs. Ennfremur með því að laga farveg til að greiða fyrir fiskiför.
- b. Að reka alla lax- og göngusilungsveiði í fiskihverfinu, og er því öllum, sem veiðirétt eiga þar, óheimilt er að stunda slíka veiði. Þó má veiðifélagið selja á leigu stangaveiði og annan veiðirétt í fiskihverfinu.

4. gr.

Stjórnina skipa fimm menn. Skulu þeir ásamt varamönnum kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skipta sjálfir með sér verkum. Stjórnarnefndarmenn ganga úr eftir sömu reglu og undanfarið.

Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu ef þess er óskað. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu í stjórn, nema lögmat forföll banni eða hann hafi verið 6 ár í stjórn. Á aðalfundi skal einnig kjósa tvo endurskoðendur til eins árs í senn og einn varamann.

Stjórnin ber ábyrgð á eignum félagsins.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við. Hefur hann umsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar til allra funda og stýrir þeim. Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi sem aðalfundur úrskurðar.

6. gr.

Af andvirði veiðinnar eða veiðileigu greiðist allur sölukostnaður og annar kostnaður, sem félagið þarf að hafa. Síðan skal arði af veiði eða veiðileigu skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem gildir hverju sinni.

7. gr.

Heimilt er aðalfundi að ákveða alfriðun ákveðinna veiðisvæða eitt ár í senn, en samþykki $\frac{2}{3}$ mættu félagsmanna þarf til þess.

8. gr.

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert, og skal hann boðaður með auglýsingu í Ríkisútlitarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Stjórn félagsins boðar til aukafundar, þegar henni þykir ástæða til, eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess skriflega ásamt tilgreindu fundarefni. Fundir eru löglegir séu þeir löglega boðaðir.

9. gr.

Á aðalfundi leggur stjórn félagsins fram endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið ár, skýrir frá störfum þess á liðna árinu, leggur fram áætlun um starfstílhögun og starfrækslukostnað á yfirstandandi ári. Aðalfundur ákveður hve miklu skuli úthlutað af arði, hvernig veiði skuli rekin og hverju skuli varið til fiskiræktar o. s. frv. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum, svo sem við breytingar á samþykkt eða arðskrá. Þá þarf samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna.

Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar og á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða arðskrá, skal þess þá getið í fundarboði. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess þá getið í fundarbók.

10. gr.

Hver félagi hefur eitt atkvæði á fundum og má hann fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og skal þess getið í fundarbók.

11. gr.

Félagsmönnum og öðrum þeim er á félagssvæðinu búa, er óheimilt að hafa með höndum ádráttarnet fyrir lax- og silung, nema þeir sanni, að það eigi að nota netið í vatni utan félagssvæðisins.

Um veiði til klaks og vísindalegra rannsókna fer eins og lög mæla fyrir.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

13. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt fyrir Veiðifélagið Blanda, nr. 173 26. sept. 1960.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði.

1. Umferð um Smyrlahraun nýtur forgangs fyrir umferð um Klettahraun.
2. Umferð um Hólabraut nýtur forgangs fyrir umferð um Ásbúðartröð (húsgata við Hvaleyrarbraut).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 3. mars 1978.

Einar Ingimundarson.